

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2019
Tilvísun: 201903044 / 2.5

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um fiskeldi, 647. mál

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis frá 14. mars sl. þar sem atvinnuveganefnd sendir til umsagnar frumvarp til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.

Skipulagsstofnun fagnar frumvarpinu og telur það bæta lagaumgjörð fiskeldismála, en vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

3. gr. frumvarpsins

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að Hafrannsóknastofnun ákveði skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði að höfðu samráði við Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þetta ákvæði sé með skýrum hætti tengt framfylgd laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Á grundvelli þeirra er að hefjast vinna við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Vestfirði og Austfirði. Í strandsvæðisskipulagi verður mörkuð stefna um framtíðarnýtingu viðkomandi svæðis og hvers konar framkvæmdir falla að nýtingu á svæðinu. Í því felst meðal annars að taka afstöðu til þess á hvaða svæðum gera má ráð fyrir fiskeldi að teknu tilliti til þarfa annarra svæðisnota, svo sem vegna siglinga, efnistöku eða ferðaþjónustu.

Mikilvægt er að afmörkun og úthlutun eldissvæða á grundvelli laga um fiskeldi samrýmist strandsvæðisskipulagi fyrir viðkomandi svæði. Skipulagsstofnun telur æskilegt að kveðið sé skýrar á um það í framangreindu ákvæði. Stofnunin leggur því til að við 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins bætist „um skipulag viðkomandi fjarðar eða hafsvæðis sbr. lög um skipulag haf- og strandsvæða“, þannig að ákvæðið hljóði svo:

„Hafrannsóknastofnun ákveður skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða að höfðu samráði við Skipulagsstofnun um skipulag viðkomandi fjarðar eða hafsvæðis, sbr. lög um skipulag haf- og strandsvæða.“

10. gr. frumvarpsins

Í 10. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að 1. mgr. 9. gr. laganna kveði á um að Matvælastofnun skuli við útgáfu rekstrarleyfis „taka rökstudda afstöðu til állts Skipulagsstofnunar um mat á

umhverfisáhrifum“. Framangreint orðalag er í samræmi við 13. gr. núgildandi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að lagt hefur verið fram frumvarp til breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum (775. mál) vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2014/52/ESB. Þar er lögð til breyting á orðalagi umrædds ákvæðis 13. gr. laganna þannig að þar segi að leyfisveitandi skuli „leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar til grundvallar“. Þá kemur einnig þar fram að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar og „rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins.“

Skipulagsstofnun telur að við eigi að gera breytingu á 10. gr. frumvarpsins til samræmis við ofangreint orðalag.



Ottó Björgvin Óskarsson